



Reykjavík, 6. mars 2024

MSS24010169

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Umsögn um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rekstrarútboð sorphirðu

Á fundi borgarstjórnar þann 23. janúar sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

„Lagt er til að hafinn verði undirbúningur rekstrarútboðs sorphirðu í Reykjavík“

Greinargerð fylgdi tillögunni. Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar borgarráðs. Skrifstofa borgarstjórnar hefur óskað eftir umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða. Eftirfarandi er umsögn skrifstofu umhverfisgæða.

Miklar breytingar voru gerðar á flokkun og sorphirðu í Reykjavík og nágranna-sveitarfélögum á sl. ári og er það mat flestra að vel hafi tekist til, flokkun og endurvinnsla hefur aukist til muna og gæði endurvinnslufna eru góð.

Rétt er að tafir hafa orðið á hirðu í Reykjavík, í júlí á sl. ári og um áramótin, af ástæðum sem vel hafa verið raktar og flestum eru kunnar. En sambærilegar tafir hafa einnig orðið hjá þjónustuaðilum á markaði. Þjónusta við grenndargáma, sem nefnd er í greinargerð að gengið hafi brösuglega, er þegar boðin út og hafa verktakar þar orðið fyrir bilunum á hirðubílum. Tafir hafa orðið á hirðu við heimili í m.a. Hafnarfirði, Garðabæ og Reykjanesbæ og meiri tafir en í Reykjavík hjá sumum þeirra. Öll þessi sveitarfélög bjóða út hirðu. Það er því ekki sjálfgefið að með útboði á þjónustunni verði ekki einhvern tíma tafir á hirðu af einhverjum völdum.

Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 bera sveitarfélög ábyrgð á söfnun heimilisúrgangs. Þau komast því ekki hjá því að veita þjónustuna en geta sinnt henni með eigin rekstri eða útboði. Segja má að fákeppni sé á markaði söfnunar úrgangs héraendis. Þrjú fyrirtæki hafa verið að bjóða í þjónustu við söfnun heimilisúrgangs – Íslenska gámafélagið, Terra og Kubbur. Tvö fyrirtæki hafa helst bitist um samninga við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu – Íslenska gámafélagið og Terra. Í samtölum undirritaðs við tæknimenn nágrannasveitarfélaga, Sorpu og fleiri aðila hafa viðkomandi ítrekað nefnt að í ljósi fákeppni á þessum markaði sé mjög mikilvægt að Reykjavíkurborg reki áfram sína sorphirðu svo bera megi saman verð, raunverulegan kostnað við hirðu á heimilisúrgangi.

Ef horft er á rekstur sorphirðu Reykjavíkur er um 77% kostnaðar launakostnaður starfsmanna við hirðu, um 11% er kostnaður við leigu hirðubíla og um 10% viðhald hirðubíla og eldsneyti. Annar kostnaður er um 2%. Kaup á hirðubílum og metangasi á bílana eru þegar boðin út og viðhald þeirra í verktöku. Helsta hagræði sem þjónustuaðilar á markaði gætu náð umfram rekstur sorphirðu borgarinnar felst í betri



Reykjavík



nýtingu hirðubíla, leigu hirðubíla, að þeir séu nýttir í önnur verkefni að lokinni hirðu hjá sveitarfélaginu. Á móti kemur að þjónustuaðilar á markaði gera kröfu um framlegð í verkefnum fyrir sveitarfélögin. Undirritaður hefur þær upplýsingar frá fyrrverandi starfsmanni eins áður nefndra fyrirtækja, að þegar boðið var í verkefni hjá sveitarfélögum var að lágmarki gerð krafa um 20% framlegð.

Hérlendis hafa sveitarfélög nær öll boðið út sorphirðu. Reykjavíkurborg var um tíma eina sveitarfélagið sem rak eigin sorphirðu en Sorpstöð Rangárvallarsýslu ákvað árið 2018 að hefja rekstur á eigin sorphirðu fyrir sveitarfélög í Rangárvallarsýslu. Í nágrannalöndum okkar hefur þróunin verið á þann veg að sveitarfélög eru í auknum mæli að hefja eigin rekstur á sorphirðu í stað útboðs. Avfall Sverige – samtök sveitarfélaga í Svíþjóð um úrgangsstjórnun, gerður nýlega könnun á ástæðum þessarar þróunar í Svíþjóð¹. Meðal þátta sem sveitarfélög nefndu sem ástæðu þess að þau tóku upp eigin hirðu var sveigjanleiki og gæði þjónustunnar. Með eigin rekstri telja sveitarfélögin sig geta betur haft eftirlit með þjónustunni og þannig betur tryggt gæði þjónustunnar. Megin ástæða þess að sveitarfélög í Svíþjóð stíga ekki það skref að hefja eigin rekstur var hins vegar skortur á þekkingu og reynslu af rekstri eigin sorphirðu og að þau upplifðu það of stórt skref að taka við hirðu sem ávallt hefði verið boðin út. Hjá sorphirðu Reykjavíkurborgar er til staðar áratuga reynsla og þekking af sorphirðu við íbúðarhús auk búnaðar.

Það er mikilvægt að borgin skoði reglulega rekstur sorphirðunnar og beri saman við rekstrarkostnað sorphirðu hjá nágrannasveitarfélögum þar sem hirða er boðin út. Tæknimenn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu báru saman rekstrarkostnað sorphirðu hjá sveitarfélagunum sl. haust í kjölfar breytinga á flokkun og hirðu og tengt vinnu við samræmingu álagningar hirðugjalda. Í þeim samanburði var Reykjavíkurborg með nægst lægsta hirðukostnað af sveitarfélagunum fimm. Nágrannasveitarfélög borgarinnar vinna nú að því að bjóða út hirðu að nýju í kjölfar innleiðingar á breyttri flokkun og hirðu. Vænta má niðurstöðu í þeim útboðum á næstu vikum eða mánuðum. Þegar rykið hefur sest í kjölfar þeirra miklu breytinga sem gerðar voru á hirðu við heimili í Reykjavík á síðasta ári og nágrannasveitarfélög hafa samið um hirðu er æskilegt að bera aftur saman kostnað.

Í ljósi framanritaðs telur undirritaður ekki ástæðu til að bjóða út rekstur sorphirðu í Reykjavík heldur þvert á móti mikilvægt að halda í eigin rekstur. Lagt er til að tillögunni verði hafnað.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Benedikt Friðriksson
skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða

¹ <https://www.avfallsverige.se/rapporter-utveckling/rapporter/2019-24-avfallsinsamling-upphandling-eller-egen-regi/>

